

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2001 frá 30. mars 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/6/EB frá 29. janúar 2001 um þriðju aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/49/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42b (tilskipun ráðsins 96/49/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0006:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/6/EB frá 29. janúar 2001 (Stjtíð. EB L 30, 1.2.2001, bls. 42).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 158, 14.6.2001, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 30, 14.6.2001, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 30, 1.2.2001, bls. 42.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/6/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.